

AUGLÝSING**um umferð í Garðahreppi í Kjósarsýslu.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Garðahrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að umferð um Karlabraut (áður Birkilund) nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Hofstaðbraut.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. september 1974.
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu, 30. september 1974.

Einar Ingimundarson.

30. september 1974.

Nr. 296.

REGLUGERÐ**um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.****1. gr.**

Upphæðir bótaflokka almannatrygginga, sem ekki eru tilgreindir í bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál nr. 88 frá 24. september 1974 skulu hækka um 7% frá 1. október 1974.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

1. október 1974.

Nr. 297.

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Apóteks Keflavíkur.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Keflavíkur vera sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga kl. 9—19.

Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag kl. 10—12.

Helgidaga og almenna frídaga kl. 13—15.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. október 1974.

F. h. r.**Páll Sigurðsson.**

Almar Grímsson.